



Aðalfundur stjórnar Minjasafns Austurlands, haldinn fimmtudaginn 26. apríl kl. 17:15 í Safnahúsinu. Mætt: Marianna Jóhannsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Björn Aðalsteinsson varamaður í fjarveru Kristjönu Björnsdóttur og Elsa Guðný safnstjóri.

1. Ársskýrsla 2017

Elsa Guðný lagði fram ársskýrslu ársins 2017 og fór yfir hana.

2. Afgreiðsla ársreiknings 2017

Endurskoðaður ársreikningur ársins 2017 liggur fyrir og er rekstrarniðurstaða ársins neikvæð að fjárhæð 13,7 milljónir króna. Skýrist tapið annars vegar af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 (11,9 millj.) og hins vegar af breytingum á A-deild Brúar lífeyrissjóðs (2. millj.). Ekki varð tap af hefðbundnum rekstri.

3. Kjör endurskoðenda

Marianna leggur til að KPMG verði áfram endurskoðendur reikninga. Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Starfsstefna Minjasafnsins 2018-2021

Elsa Guðný lagði fram og kynnti starfsstefnu Minjasafnsins til næstu fjögurra ára en drög að stefnunni voru lögð fram á síðasta fundi.

5. Skýrsla safnstjóra

- Eftirlit Safnaráðs.

Minjasafnið er í hópi 20 safna víðsvegar af landinu sem voru valin til eftirlits Safnaráðs árið 2018. Um er að ræða eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum. Safnaráði er samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 falið að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum. Eftirlit Safnaráðs er þrjúþætt en sá hluti sem hér um ræðir fer fram á nokkurra ára fresti. Þetta eftirlit felst í því að söfnin þurfa að fylla út spurningalista og skila gögnum um geymslur og sýningarrými safnsins. Innan fjögurra mánaða frá skilafresti mun Safnaráðs skila niðurstöðum og tillögum um úrbætur. Innan tveggja ára mun Safnaráð senda eftirlitsaðila í safnið og í kjölfarið á því kemur niðurstaða um það hvort safnið hafi staðist eftirlitið.

- Styrkir

Minjasafnið fékk 600.000 kr. styrk úr Húsafriðunarsjóði í viðhald og endurbætur sumarhúsi Kjarvals í Kjarvalshvammi. Áður var verkefnið búið að fá 400.000 kr. úr Uppbygginarsjóði og 300.000 kr. úr samfélagssjóði Landsvirkjunar.

- Fundir

Safnstjóri sótti vorkund þjóðminjasafnsins 24. apríl en þemað að þessu sinni var ljósmyndir.

- Framundan

Ráðstefnan Með öræfin í bakgarðinum verður haldin 24.-25. maí næstkomandi. Ráðstefna er á vegum Rannsóknarsetur H.Í. á Austurlandi en Minjasafnið er á meðal samstarfsaðila. Minjasafnið mun hýsa móttöku fyrir ráðstefnugesti auk þess sem Elsa verður með erindi á ráðstefnunni.

- Sumarið

Sumaropnunartímanum verður breytt frá fyrri árum á þann hátt að frá 1. júní – 31. ágúst verður safnið opið alla dag frá kl. 10:00-18:00. Fastir starfsmenn munu sjá um að manna móttöku í sumar að mestu leyti. Héraðsskjalasafnið og Minjasafnið hafa ráðið sameiginlegan sumarstarfsmann sem verður í 30% starfi hjá Minjasafninun og 50% hjá Héraðsskjalasafninu.

6. Önnur mál.

6.1. Breyting á A deild Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997

Úr fundargerð síðasta fundar, 20.2.2018:

Fyrir liggur samningur milli Brúar lífeyrissjóðs og Minjasafns Austurlands vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs og minnisblað frá KPMG um það mál.

Stjórn safnsins felur safnstjóra að ganga frá umræddum samningi enda telur stjórnin víst að aðildarsveitarfélögin leggi safninu til fjármagn vegna þess kostnaðar sem af samningnum hlýst þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur staðfest samninginn fyrir hönd umbjóðenda sinna.

Elsa sendi erindi á öll aðildasveitarfélögin þar sem óskað var eftir viðbótarfjármagni vegna þess kostnaðar sem féll á Minjasafnsið vegna samningsins. Svör hafa borist frá Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi sem hafa tekið jákvætt í erindið. Beðið er svars frá Borgarfjarðarhreppi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:21
Elsa Guðný ritaði fundargerð.